

Borgarráð

Tillaga um útgáfu á nýjum skuldabréfaflokki

Fjármála- og áhættustýringarsvið óskar eftir því að borgarráð samþykki heimild sviðsins til að leita tilboða og samþykkja tilboð í umsjón með útgáfu á nýjum óverðtryggðum skuldabréfaflokki með breytilegum eða föstum vöxtum. Útgáfa í nýjum skuldabréfaflokki yrði innan samþykkrar lántökuáætlunar fyrir árið 2026. Tilgangur útgáfunnar væri fjármögnun fjárfestinga, lánastýring og til að auka úrval fjárfestingarkosta á skuldabréfamarkaði en megnið af útgefnum skuldabréfum Reykjavíkurborgar eru til langs tíma á föstum vöxtum.

Gert er ráð fyrir að markaðsaðilum verði boðið að senda tilboð í umsjón með ofangreindu og að samið verði við einn eða fleiri aðila um ráðgjöf og umsjón með útgáfu, sölu og skráningu.

Halldóra Káradóttir

Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs